



# Fréttabréf Naustaskóla

3. tölublað, 10. árgangur, 16. mars 2018

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Skóladagatal 2018-19


Nú er skóladagatal næsta árs að byrja að taka á sig mynd. Ljóst er að skóli verður settur þann 21. ágúst og vetrarfrí verða væntanlega 18.-21. október og 6.-10. mars. Gott að vita fyrir þá sem vilja skipuleggja sig lengra fram í tímann...

## Innritun fyrir næsta ár

Þeir sem enn eiga eftir að innrita börn í 1. bekk fyrir næsta vetur, eða hyggja á skólaskipti fyrir börn sín þurfa að drífa í skráningum. Það er afar mikilvægt fyrir skóla bæjarins við skipulagningu næsta skólaárs að nemendatölur séu eins áreiðanlegar og framast er kostur. Skrá skal á heimasíðu skóladeildar [www.skoladeild.akureyri.is](http://www.skoladeild.akureyri.is)

## Föstudaginn 23. mars

er uppbrotisdagur en þá lýkur skóla kl. 12 hjá öllum nemendum. Frístund hefst strax að loknum skóla fyrir þá sem þar eru skráðir. Þennan dag er boðið upp á skemmtidagskrá fyrir nemendur. Mælt er til þess að nemendur mæti í sparifötunum. Í hádeginu verður boðið upp á hátíðarmat og að því loknu halda nemendur í páskafrí. Kennsla að loknu páskafrí hefst þriðjudaginn 3. apríl.



## Kæra skólasamfélag

Árshátíðarundirbúningur litar allt skólastarfið þessa dagana, enda styttest óðum í sýningardaginn sem er fimmtudaginn 22. mars. Hér að neðan má sjá skipulag sýningardagsins en umsjónarkennarar munu senda ykkur upplýsingar um það í hvaða hópum nemendur eru. Árshátíðarvikan verður með óhefðbundnu sniði en í grófum dráttum verða dagarnir á þessa leið:

**Mánudagur og miðvikudagur:** Generalprufur, æfingar og fjör í íþróttasalnum.

**Þriðjudagur:** „Venjulegur“ dagur. Finpússun á atriðum o.fl.

**Fimmtudagur:** Árshátíðardagur!

**Föstudagur:** Popp- og bíodagur. Skemmtistöðvar, bíó og popp. Þennan dag er sparifatadagur og frjálst nesti.

Fleiri punkta varðandi árshátíðarvikuna er að finna á næstu blaðsíðu í fréttabréfinu.

Að lokum bendum við foreldrum og forráðamönnum á að talsvert hefur safnast upp af óskilamunum og biðjum við ykkur að koma við og athuga hvort þar leynist eitthvað sem ykkar barn hefur glatað.

Kærar páskaþakveðjur,  
Bryndís, Alla og Þorgeir



## 22. mars 2017

### Skipulag árshátíðar Naustaskóla

<b>9.00-10:00</b>	1. bekkur	
	2 -3 bekkur A	Hópur A
	5. bekkur A	Hópur A
	6-7. bekkur A	Hópur A
	8. bekkur	
<b>12:00-13:00</b>	1. bekkur	
	2 -3 bekkur B	Hópur B
	4. bekkur A	Hópur A
	6-7. bekkur B	Hópur B
	9. bekkur	
<b>15:00-16:00</b>	2 -3 bekkur C	Hópur C
	4. bekkur B	Hópur B
	5. bekkur B	Hópur B
	6-7. bekkur C	Hópur C
	10. bekkur	
<b>18:00-19:00</b>	2 -3 bekkur D	Hópur D
	4. bekkur C	Hópur C
	5. bekkur C	Hópur C
	6. -7. bekkur D	Hópur D
	10. bekkur	

Kaffisala 10:00 til 11:30

Kaffisala 13:00 - 15:30

Kaffisala 16:00-17:30

Kaffisala 19:00-20:30



## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

### Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk á Akureyri fór fram í Menntaskólanum á Akureyri þann 7. mars síðastliðinn. Salka Sverrisdóttir og Telma Ósk Þórhallsdóttir tóku þátt fyrir hönd Naustaskóla. Báðar stóðu þær sig með mikilli þryði og svo fór að Salka hreppti fyrsta sætið í keppninni. Við erum afar stolt af okkar fólki og þessum frábæra árangri, en 7. bekkur hefur í vetur staðið sig frábærlega í undirbúningi fyrir keppnina. Við óskum Sölklu ásamt öllum nemendum og kennurum í 7. bekk innilega til hamingju með árangurinn.



Salka Sverrisdóttir ásamt kennurum Þóru og Stínu

### Frístund í árshátíðarviku og páskaleyfi

Í árshátíðarvikunni verður Frístund opin á venjulegum tíma frá mánudeginum 19. mars til miðvikudagsins 21. mars. Á árshátíðardaginn sjálfan, 22. mars, er Frístund opin frá kl. 8:00-13:00 fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk sem þess óska. Frá kl. 13:00 er Frístund svo opin fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir. Á föstudeginum lýkur skóla í kringum 12 og þá opnar Frístund fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir.

Í dymbilvikunni er Frístund opin frá kl. 8-16 frá mánudegi til miðvikudags. Við biðlum til ykkar foreldra að láta vita hvort þið ætlið að nýta þjónustu Frístundar þessa daga og minnum á að greiða þarf sérstaklega fyrir hvern klukkutíma sem barnið dvelur í Frístund þessa daga. Hafa skal samband við Hrafnhildi, forstöðumann Frístundar, í netfangið [hrafnhildurst@akmennt.is](mailto:hrafnhildurst@akmennt.is)



### Árshátíðarvika—skipulagsþingar

- Við minnum á að bakkelsi á hlaðborðið þarf að berast í skólann á milli 8-9 fimmtudaginn 22. mars. Einnig er hægt að koma með það daginn áður á milli 14 og 16.
- Kaffihlaðborð kostar 1.000 kr. fyrir fullorðna, 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri og frítt er fyrir yngri börn.
- Við biðjum áhorfendur á sýningunum að horfa á þær til enda svo að ekki skapist úrói í salnum á meðan sýningu stendur. Nemendur eiga ekki að fara til foreldra á meðan sýningu stendur, heldur fara inn á svæði að loknu sínu atriði og eru í umsjón starfsfólks.
- Sundtímar falla niður á mánudag og miðvikudag í árshátíðarviku vegna æfinga fyrir árshátíðina.
- Við minnum á að frjálst nesti er föstudaginn 23. mars. Þó er ekki í boði að hafa með sér sælgæti, gos, orkudrykki, hnetur eða möndlur.

### Leyfisbeiðnir

Við viljum árétta að þegar óskað er eftir leyfi fyrir nemendur í meira en tvo skóladaga þarf að senda beiðni þess efnis til skólustjóra. Umsjónarkennarar geta gefið leyfi í að hámarki tvo daga. Þá minnum við á að það er ábyrgð foreldra að nemendur sinni námi sínu þegar farið er í löng leyfi frá skóla.



## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Mars 2018

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
				1.	2.	3.
4.	5. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og tómatsósa. Ávextir.	6. Hakkabuff, kartöflur, gúrka, rauðkál og lauksósa. Ávextir.	7. Snakkfiskur og salatbar. Ávextir.  Stóra upplestrarkeppnin	8. Steikur kjúklingur, hrísgrjón, salat og sveppasósa. Ávextir.	9. Skyr, brauð, álegg og salatbar. Ávextir.	10.
11.	12. Ofnbakaður fiskur í ostasósu, hrísgrjón og salatbar. Ávextir.	13. Lasagna, kartöflustappa og gúrka. Ávextir.	14. Steikur fiskur, hrísgrjón, salat og pipardressing. Ávextir.	15. Sýrlenskur lambapottréttur, kúskús og rifnar gulrætur. Ávextir.	16. Pepperonipasta og salatbar. Ávextir.	17.
18.	19. Ofnsteikur fiskur, hrísgrjón, salatbar og blaðlaukssósa. Ávextir.	20. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir.	21. Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur, lauksmjör og salatbar. Ávextir.	22. Pylsur. Ávextir.  Árshátíð Naustaskóla	23. Steikt lambakjöt, kartöflur, salat og piparostasósa. Ávextir.  Popp- og biódagur.	24.
25.	26. Kjötþúðingur, kartöflur, rifnar rófur og brún sósa. Ávextir.	27. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, salatbar og tikkamasalasósa. Ávextir.	28. Súpa og brauð. Ávextir.	29. Skírdagur	30. Föstudagurinn langi	31.

**Páskafrí hefst að loknum skóla föstudaginn 23. mars. Skóli hefst á ný að loknu páskafríi þriðjudaginn 3. apríl.**

